

LEIÐBEININGAR NR: 2.

JANÚAR 1984

VARÚÐ ASBEST



VINNUEFTIRLIT RÍKISINS

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Hvað er asbest?	4
Hvar er asbest notað?	5
Á hvern hátt er asbest skaðlegt heilsunni?	6
Hverjir geta verið í hættu vegna asbests?	8
Getur asbestmengun skaðað hvern sem er?	9
Hvernig er hægt að draga úr asbestmengun?	10
Öryggi í starfi varðar alla	12
Staðreyndir sem vert er að muna	13
Reglugerð um bann við innflutningi og notkun asbests	14
Reglur um asbest	15

Rit þetta er gefið út í 5000 eintökum. Umsjón með útgáfu höfðu
Pétur Reimarsson deildarverkfræðingur, Vigfús Geirdal
fræðslufulltrúi og Vilhjálmur Rafnsson yfirlæknir.

FORMÁLI

Hinn 1. september sl. tóku gildi reglur sem banna innflutning og notkun asbests hér á landi nema í undantekningartilvikum. Ástæða þess er sú að rannsóknir hafa á undanförunum árum leitt í ljós samband á milli asbestmengunar á vinnustöðum og tiltekinna alvarlegra sjúkdóma. Ennfremur hefur tæknipróun í mörgum tilvikum gert mönnum kleift að taka í notkun önnur efni sem talin eru síður skaðleg.

Þrátt fyrir þetta er ljóst að á ýmsum vinnustöðum munu menn áfram vinna með asbest um margra ára skeið. Má sem dæmi nefna vinnu við viðhald véla og tækjabúnaðar sem inniheldur asbest og breytingar eða niðurrif á byggingum þar sem asbest hefur verið notað sem byggingarefni.

Brýnt er að jafnt stjórnendur sem starfsmenn á þessum vinnustöðum geri sér grein fyrir þessari hættu sem innöndun asbests hefur í för með sér og að þar séu gerðar ráðstafanir sem koma í veg fyrir asbestmengun. Tilgangurinn með útgáfu þessa bæklinga er að stuðla að þessum markmiðum.

Bæklingur þessi er saminn með hliðsjón af bæklingi sem atvinnuáráðuneyti Manitobafylkis í Kanada hefur gefið út. Bæklinginn samdi sérstök ráðgjafarnefnd um asbestmál sem starfar á vegum þeirrar deildar ráðuneytisins sem fjallar um heilbrigðis- og öryggismál vinnustaða. Ráðuneytið hefur góðfúslega veitt heimild til útgáfu bæklinga á íslensku án endurgjalds og kann Vinnueftirlit ríkisins því bestu þakki fyrir.

Nóvember 1983
Eyjólfur Sæmundsson

INNGANGUR

Þessi bæklingur er gefinn út til að vekja athygli þeirra sem þurfa að vinna með asbest á hættum sem af því geta stafað og hvernig unnt er að draga úr asbestmengun. Einnig er hér að finna almennar upplýsingar um asbest og notkun þess og um opinberar reglur til að draga úr notkun asbests.

Þann 1. september 1983 gengu í gildi reglugerð nr. 74/1983 sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið gaf út um bann við innflutningi og notkun asbests og reglur um asbest nr. 75/1983 sem Vinnueftirlit ríkisins gaf út og staðfestar voru af félagsmálaráðuneytinu. Þar er ákveðið að banna allan innflutning og meðferð asbests og varnings sem inniheldur asbest nema til komi sérstök undanþáguheimild frá Vinnueftirliti ríkisins, sbr. 5. gr. reglna um asbest nr. 75/1983 (sjá bls. 14).

Þótt almenna reglan sé sú að öll meðferð asbests sé bönnuð hér á landi munu líða mörg ár eða áratugir þangað til menn verða lausir við asbest úr starfsumhverfinu og áður en hættan á sjúkdómum af völdum asbests er liðin hjá. Þetta er vegna þess að asbest er mjög víða í notkun og áfram verður unnið að viðhaldi, viðgerðum og niðurrifi á þessu asbesti. Eins mun í nokkrum tilvikum ekki verða hjá því komist að nota asbest eitthvað lengur eins og í hemlaborða ökutækja.



HVAÐ ER ASBEST?



Asbest er algengt steinefni sem finnst í jarðlögum víðs vegar um heiminn en hér á landi er asbest mjög sjaldgæft.

Þegar asbest er brotið verður það trefjakennt og er þá til margra hluta nýtsamlegt. Trefjarnar klofna auðveldlega í ákaflega fíngerða þræði sem geta borist inn í líkamann um öndunarfæri eða meltingarveg.

Asbest hefur marga góða tæknilega eiginleika, þræðirnir eru sterkir, þola vel hita og eld og standast ágang ýmissa sterkra efna.

Árið 1975 voru notuð 4.5 milljón tonn af asbesti í heiminum.

Þrjár gerðir asbests eru algengastar: Krysótíl

er algengasta asbesttegundin og er einnig kallað „hvítt“ asbest. Krysótíl er einkum notað í asbestdúka, einangrun og asbestsement.

Amósít

er einnig kallað „brúnt“ asbest. Það er einkum notað í einangrun af ýmsu tagi, t.d. einangrun röra, hitaeinangrun og sem eldvarnarefni.

Krókídólít

er notað í sementsrör, rafgeyma og er einnig í ýmsum einangrunarefnum. Krókídólít er líka kallað „blátt“ asbest.

HVAR ER ASBEST NOTAÐ?

Asbest hefur verið notað í framleiðslu á meira en þúsund mismunandi vörutegundum. Meðal þeirra eru:

Byggingavörur

Asbestsement, hitaainangrun, röraainangrun, eldvarnarefni, asbestsementrör, þilplötur, spartl, þakplötur, rafeinangrun, kítti, o.fl.

Vefnaðarvörur

Eldþolinn klæðnaður, eldvarnarmottur, fortjöld og fleiri vefnaðarvörur.

Bílavörur

Hemlaborðar, ryðvarnarefni, tengsladiskar, þéttingar.

Plastvörur


Styrkiefni í plasti, gólfflísum og dúkum, fylliefni í ýmsum gúmmívarningi.

Matvæla- og lyfjavörur

Síur fyrir örverur.

Vörur til skipasmíða

Eldþolið einangrunarefni, hitaainangrun.



Á síðustu árum hafa hinsvegar komið fram efni og vörur sem komið geta í stað varnings sem inniheldur asbest í nær öllum fyrrgreindum tilvikum. Smám saman er þannig hægt að draga úr notkun asbests.

Á HVERN HÁTT ER ASBEST SKAÐLEGT HEILSUNNI?



Algengasta leið asbestryks inn í líkamann liggur um öndunarfærin.

Asbestþræðir eru svo smáir að þeir verða aðeins greindir í smásjám. Þeir sem virðast sýnilegir mannlegu auga eru í raun og veru settir saman úr þúsundum smærri þræða. Hver þræður er mörg hundruð sinnum mjórri en mannshár. Þræðirnir eru svo fínir að þeir geta svifið í loftinu í langan tíma án þess að lenda.

Hluti þess asbests sem inn í líkamann berst hreinsast út:

Nef:


Slím og hár stöðva gróft ryk sem er blásið burtu þegar maður snýtir sér.

Lungnaberkjur:

Rykkornin geta fest í slímhúð lungnaberkjanna. Örfín bifhár færa slímið með kornunum upp berkjurnar og að síðustu er þeim hóstað upp eða kyngt.

Lungnablöðrur:

Sérstakar hvítar blóðfrumur gleypa örfín rykkorn og flytja þau síðan upp öndunarfærin.



Hættan á heilsutjóni er háð:

1. Magni asbestryks.

Hættan eykst eftir því sem lengur er unnið í asbestmengun og eftir því sem mengunin er meiri.

2. Stærð og lögun asbestþráða.

Stuttir og mjóir þræðir eru hættulegastir.

3. Einstaklingsbundið næmi.

Af ókunnum ástæðum er sumu fólki hættara við asbestsjúkdómum en öðru.

4. Mengun annarra efna.


Reykingar geta margfaldað sjúkdómshættuna.

Sjúkdómseinkennin koma hugsanlega ekki í ljós fyrir en 30-40 árum eftir að viðkomandi varð fyrst fyrir mengun.

Helstu sjúkdómar eru:

1. Krabbamein.

Lungnakrabbamein og krabbamein í meltingarfærum og nýrum eru algengari hjá starfsmönnum sem orðið hafa fyrir asbestmengun en almennt gerist.



2. Mesótelíóma.

Mesótelíóma er sjaldgæf tegund krabbameins í brjóst- eða lífhimnu. Sjúkdómsins verður næstum eingöngu vart meðal starfsmanna sem orðið hafa fyrir asbestmengun.

3. Asbestlungu.

Sjúkdómur þessi einkennist af örvefsmyndun í lungunum vegna innöndunar asbestryks. Mönnum verður örðugt um andardrátt en það veldur aftur auknu álagi á hjartað. Asbestlungu myndast á 10-20 árum.

Þetta eru nokkir þeirra sjúkdóma sem rekja má til asbestmengunar. Það er nauðsynlegt að vita hvernig starfsmenn geta orðið fyrir slíkri mengun.

HVERJIR GETA VERIÐ Í HÆTTU VEGNA ASBESTS?

1. Byggingavinna og verklegar framkvæmdir.


Starfsmenn við niðurrif eða viðhald bygginga þar sem asbestplötur hafa verið notaðar geta orðið fyrir asbestmengun. Hins vegar á ekki að nota asbest við nýframkvæmdir nema "í einstökum tilvikum enda hafi verið sýnt fram á með fyllgildum rökum að notkun asbests sé forsenda viðkomandi verkframkvæmdar og að öryggisráðstafanir séu fullnægjandi," eins og segir í reglum um asbest.

2. Viðgerðir og viðhald.

Starfsmenn sem gera við eða annast viðhald hluta og tækja þar sem asbest er notað eins og vélvirkjar og bifvélavirkjar geta orðið fyrir asbestmengun. Sérstaklega varasöm eru störf þar sem þarf að saga eða slípa asbest eða vörur úr asbesti. Þetta á einnig við um þá sem gera við asbesteinangrun t.d. í skipum.

3. Einstök fyrirtæki.

Vegna þess að asbest hefur verið notað í svo margar vörutegundir eru fjölmargir vinnustaðir þar sem asbest getur verið til staðar án þess að menn hafi gert sér grein fyrir því. Mikilvægt er að afla sér upplýsinga hvort um asbest er að ræða og getur Vinnueftirlitið aðstoðað við það.



4. Vinir og vandamenn.

Fari starfsmenn ekki eftir settum reglum er þeir vinna með asbest eða vörur sem innihalda asbest getur fólk, sem er í daglegri umgengni við þá, orðið fyrir mengun vegna asbestryks sem berst með vinnufatnaði.

En þeir sem vinna við asbest og fjölskyldur þeirra eru ekki eina fólkið sem er í hættu vegna asbests.

GETUR ASBESTMENGUN SKAÐAÐ HVERN SEM ER?

Þar eð astbestrýk er svo létt og fíngert getur það borist út og mengað andrúmsloftið víðar en á vinnustöðum, þannig að enginn er fyllilega óhultur fyrir því. Á vinnustöðum þar sem unnið er með asbest og ryk fjarlægð með vélknúinni loftræstingu á að hreinsa loftið áður en því er blásið út.

Að auki er **sá sem reykir** í miklu meiri hættu. Starfsmenn sem vinna við asbest og reykja eru taldir í 90 sinnum meiri hættu á að fá krabbamein heldur en fólk almennt sem ekki reykir.

Það þekkist engin lækning við asbestlungum og mesótelíóma. Ef einkennin eru greind nógu snemma er hægt að koma í veg fyrir að viðkomandi einstaklingur verði fyrir frekari mengun og veita honum meðhöndlun eftir föngum.

Áhrifamest og jafnframt einfaldast er að fyrirbyggja heilsutjón með því að nota önnur efni en asbest hvar sem þess er kostur.



HVERNIG ER HÆGT AÐ DRAGA ÚR ASBESTMENGUN?

1. Notaðu ekki asbest.

Eins og áður er sagt er unnt að nota önnur efni en asbest víðast hvar.

Steinull, glerull eða önnur efni eru yfirleitt fullnægjandi til hitaeinangrunar á rörum, geymum, kötlum og þess háttar.

Til eru brunavarnarplötur aðrar en þær sem innihalda asbest sem gefa eins góða brunavörn.

Til eru fjölmörg klæðningarefni á hús önnur en þau sem innihalda asbest.

Oft er unnt að nota stálrör eða plaströr í stað asbeströra. Til eru eldvarnartoppi sem ekki innihalda asbest.


Á síðustu árum hafa komið fram núningsmótstöðuefni (hemlaborðar o.fl.) sem ekki innihalda asbest.

2. Hindra rykmengun.

Leita ber eftir starfsháttum sem draga úr rykmyndun t.d. að saga ekki asbestplötur og borða heldur klippa þau. Mikilvægt er t.d. að væta asbestvörur þar sem það er unnt áður en vinnsla hefst og á meðan á henni stendur.

3. Hindra dreifing ryks.

Alls staðar þar sem asbestryk myndast á að fjarlægja það strax með vélknúinni loftræstingu eða punktsogi.



Einstök tæki má búa sérstökum afsogsbúnaði. Mikilvægt er að vinnustaðir þar sem unnið er með asbest séu lokaðir af frá annarri starfsemi. Allt asbestmengað loft á að hreinsa áður en því er blásið út í andrúmsloftið. Mengað loft má ekki endurnýta.

4. Merkingar og aðvaranir.

Allar vörur sem innihalda asbest eiga að vera merktar svohljóðandi áletrun:

**VARÚÐ
INNIHELDUR ASBEST
INNÖNDUN ASBEST-
RYKS GETUR VALDIÐ
ALVARLEGUM SJÚK-
DÓMUM**

Þar sem unnið er með asbest á einnig að festa upp viðvaranir um hættu af völdum asbests og sömuleiðis ábendingar um starfshætti á viðkomandi vinnustað.

5. Persónuhlífar.


Þar sem hætta er á asbestmengun eiga starfsmenn að nota öndunargrímur sem geta verið eftirfarandi:

- a. Rykgrímur með sérstakri síu fyrir fingert ryk.
- b. Öndunargrímur með lofthreinsitæki.
- c. Ferskloftsgrímur.

Allir starfsmenn sem vinna með asbest eiga að vera klæddir sérstökum vinnufatnaði sem tekur ekki í sig ryk. Þeir verða að skipta reglulega um vinnufatnað.

6. Góðar umgengnisvenjur.

Það er mjög mikilvægt að halda vinnustað hreinum og þokkalegum. Nauðsynlegt er að ryksjúga föt og fara úr þeim áður en tekið er kaffi- eða matarhlé. Sérstök búningsherbergi ætti alltaf að nota til að skipta um föt. Látið úrgang aldrei safnast fyrir á vinnustað.



7. Heilsuvernd starfsmanna.

Til að tryggja að starfsmenn sem að staðaldri vinna með asbest séu nægilega vel varðir, ættu þeir að vera undir stöðugu heilsufarseftirliti. Reglur um slíkt eftirlit hafa enn ekki verið settar hér á landi en víða erlendis taka slíkar reglur til eftirfarandi þátta:

Læknisskoðanir.

Reglulegar skoðanir allra starfsmanna sem verða fyrir mengun. Þá sem verða fyrir mikilli mengun ætti að skoða nákvæmlega með röntgenmyndatöku og fleiri lungnarannsóknunum.

Læknisráðgjöf.

Starfsmenn séu látnir vita strax og vart verður heilsutjóns. Upplýsa þarf alla sem við asbest vinna um hve hættulegt það er að reykja verði menn fyrir asbestmengun og hvetja þá til að hætta að reykja sem það gera.

ÖRYGGI Í STARFI VARÐAR ALLA

1. Þekking.


Mikilvægt er að gera sér grein fyrir því hvaða vörur innihalda asbest, hvaða störf fela í sér hættu á asbestmengun og hvernig unnt er að draga úr henni. Oft er erfitt að vita hvort um asbest sé að ræða en hafi menn grun um að svo sé getur Vinnueftirlit ríkisins aðstoðað við að fá úr því skorið.

2. Rétt vinnubrögð.

Mikilvægt er að fylgja alltaf settum reglum um vinnubrögð og nota ávallt loftræstingu og önnur hjálpartæki til að draga úr mengun. Nauðsynlegt er að halda vel við öllum búnaði svo tryggt sé að varnir gegn asbestmengun haldi gildi sínu.

3. Persónuhlífar.

Þar sem hætta er á asbestmengun eru persónuhlífar nauðsynleg vörn til að koma í veg fyrir að asbest berist inn í líkamann. Því verður að sjá til þess að öndunargrímur og hlífðarfatnaður séu í góðu lagi og þjóni sínum tilgangi.



4. Öryggisstarf innan fyrirtækja.

Í fyrirtækjum þar sem eru fleiri en 10 starfsmenn eiga að starfa öryggisvörður af hálfu atvinnurekenda og öryggistrúnaðarmaður af hálfu starfsmanna. Þar sem eru fleiri ein 50 starfsmenn á að starfa sérstök öryggisnefnd. Þessir aðilar eiga að fjalla um allt er varðar aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustað og má finna nánari ákvæði um störf þeirra í reglum nr. 77/1982 um heilbrigðis- og öryggisstarfsemi innan fyrirtækja. Þessar reglur fást hjá Vinnueftirliti ríkisins.

STAÐREYNDIR SEM VERT ER AÐ MUNA

1. Asbest er notað í meira en þúsund mismunandi efni og vörur.
2. Asbest getur valdið krabbameini og asbestlungum.
3. Reykingar margfalda hættuna á lungnakrabbameini.
4. Starfsmenn og fjölskyldur þeirra geta verið í hættu ef ekki er farið eftir settum reglum.
5. Það líða 10-40 ár áður en asbestsjúkdómar koma í ljós.
6. Þótt asbestmengun sé lítil og aðeins unnið með asbest í skamman tíma getur það haft í för með sér hættu á asbestsjúkdómi síðar á lífsleiðinni.
7. Í langflestum tilvikum er unnt að nota önnur efni í stað asbests.
8. Það er hægt að halda asbestmengun í lágmarki.
9. Hér á landi eru innflutningur, notkun og meðferð asbests og varnings sem inniheldur asbest bönnuð nema í undantekningatilfellum.
10. Allir sem vilja flytja inn, nota eða meðhöndla asbest verða að sækja um leyfi til Vinnueftirlits ríkisins og sýna fram á nauðsyn þess að nota asbest.
11. Almenn fræðsla getur stuðlað að fækkun asbestsjúkdóma.
12. Heilsufarseftirlit er nauðsynlegt í baráttu við sjúkdóma af völdum asbests.

**MUNID, ASBEST-
HÆTTAN VARÐAR
ALLA!**

Reglugerð

um bann við innflutningi og notkun asbests.

1. gr.

Almenn ákvæði.

Innflutningur og notkun asbests er bönnuð með þeim undantekningum, er greinir í 2. og 3. gr.

Með asbesti er átt við þráðlaga, kristölluð sílikatsambönd: Krýsótíl (hvítt asbest), krókídólít (blátt asbest), amósít (brúnt asbest), antófyllít, tremólít og aktínólít. Fyrir efni og vörur, er hafa asbest að geyma sem óhreinindi, gildir bann þetta eingöngu, ef styrkt asbests er 1% eða meira, nema annað sé ákveðið.

2. gr.

Innflutningur og notkun.

Vinnueftirlit ríkisins getur að höfðu samráði við eiturefnanefnd veitt undanþágur frá ákvæðum 1. málsg. 1. gr. um bann við innflutningi og notkun á asbesti og vörum úr asbesti. Slíkan innflutning og notkun skal takmarka við það notagildi eitt, að önnur efni komi ekki með góðu móti í stað asbests.

Skal í hverju veittu leyfi til innflutnings samkvæmt 1. málsg. taka fram til hverra nota varningurinn er ætlaður og er óheimilt að nota hann til annars.

Rísi upp ágreiningur milli Vinnueftirlits ríkisins og eiturefnanefndar um veitingu undanþágu skv. 1. mgr. sker heilbrigðismálaráðherra úr.

Um notkun, vinnslu og meðferð asbests á vinnustöðum fer samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Vinnueftirlit ríkisins tilkynnir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu um þær undanþágur, sem veittar eru samkvæmt ákvæðum 1. málsg.

3. gr.

Hreinsun og förgun.

Asbestmengað loft skal hreinsa áður en því er blásið út í andrúmsloftið með þar til gerðum búnaði, sem Hollustuvernd ríkisins viðurkennir.

Eigi má farga asbesti nema að fengnu leyfi Vinnueftirlits ríkisins sem hefur um slíkt samráð við Hollustuvernd ríkisins og eiturefnanefnd og ennfremur Siglingamálastofnun ríkisins, ef um förgun í sjó er að ræða.

4. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er með stöð í 16. og 24. gr. laga nr. 85/1968, um eiturefni og hættuleg efni og lögum nr. 50/1981 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og að höfðu samráði við félagsmálaráðuneytið hvað snertir afskipti Vinnueftirlits ríkisins, öðlast gildi 1. september 1983.

Heilbrigðis og tryggingamálaráðuneytið, 22. febrúar 1983.

F.h.r.

Jón Ingimarsson.

Ingimar Sigurðsson.

REGLUR um asbest.

Markmið.

1. gr.

Með reglum þessum er leitast við að fyrirbyggja atvinnusjúkdóma, sem innöndun asbestryks getur haft í för með sér, með því að koma í veg fyrir notkun asbests.

Gildissvið.

2. gr.

Reglur þessar gilda um alla starfsemi sem fellur undir lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og þar sem asbest og vörur sem hafa asbest að geyma eru notaðar, framleiddar og meðhöndlaðar á einhvern hátt.

Jafnframt gilda reglur þessar um allan innflutning á asbesti og vörum sem innihalda asbest. Fyrir vörur sem innihalda asbest sem óhreinindi gilda reglurnar ef hlutur asbest er 1% eða meir.

Skilgreiningar.

3. gr.

Með asbesti er í reglum þessum átt við þráðlaga, kristölluð silikatsteinefni: Krýsótíl (hvítt asbest), krókídólít (blátt asbest), amósít (brúnt asbest), antófyllít, tremólít og aktínólít.

Almennt ákvæði.

4. gr.

Bannað er að flytja inn, framleiða, nota eða meðhöndla á annan hátt asbest og vörur sem innihalda asbest með þeim undantekningum sem heimilaðar eru í reglum þessum sbr. 5. gr.

Undanþágur.

5. gr.

Vinnueftirlit ríkisins getur veitt heimild til innflutnings, notkunar eða meðhöndlunar á asbesti og vörum sem innihalda asbest í neðangreindum tilvikum:

Til viðhalds og viðgerða á byggingum, vélum og öðrum búnaði ef það er nauðsynlegt til að búnaðurinn haldi gildi sínu og ekki er unnt að nota önnur minna skaðleg efni. Sama gildir um vélar, tæki og annan búnað þar sem asbest er í einstökum, afmörkuðum hlutum búnaðarins.

Við niðurrif á byggingum, byggingarhlutum eða búnaði.

Í einstökum tilvikum, enda hafi verið sýnt fram á með fullgildum rökum að mati Vinnueftirlitsins að notkun asbests sé forsenda viðkomandi verkframkvæmdar og að öryggisráðstafanir séu fullnægjandi.

Sækja skal um heimild til innflutnings og notkunar á asbesti samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar til Vinnueftirlits ríkisins á eyðublöðum sem þar fást.

Merkingar og aðvaranir.

6. gr.

Asbest og asbestvörur skulu greinilega merktar af framleiðanda eða innflytjanda eftirfarandi áletrun: "Varúð. Inniheldur asbest. Innöndun asbestryks getur valdið alvarlegum sjúkdómum."

Þar sem unnið er með asbest, sbr. 1. mgr. 5. gr., skulu festar upp viðvaranir um hættu af völdum asbestryks og leiðbeiningar um starfshætti sem samræmast reglum þessum. Starfsmenn sem vinna við asbest skulu fræddir um þær hættur sem innöndun asbestryks hefur í för með sér.

Varnir gegn asbestmengun.

7. gr.

Öll vinna við asbest og vörur sem innihalda asbest skal fara þannig fram að rykmengun frá þeim sé svo lítil sem kostur er.

Fjarlægja skal ryk frá þeim stað sem það myndast með vélknúinni loftræstingu.

Gæta skal þess að asbestmengað loft frá vélknúinni loftræstingu sé ekki endurnýtt. Asbestmengað loft skal hreinsað áður en því er blásið út í andrúmsloftið með þar til gerðum búnaði sem Hollustuvernd ríkisins viðurkennir.

Vinnueftirlit ríkisins getur gefið nánari fyrirmæli um varnir gegn asbestmengun í einstökum tilvikum.

Eigi má farga asbesti nema að fengnu leyfi Vinnueftirlits ríkisins sem hefur um slíkt samráð við Hollustuvernd ríkisins og eiturefnanefnd og ennfremur Siglingamálastofnun ríkisins sé um förgun í sjó að ræða.

8. gr.

Í allri vinnu þar sem hætta er á asbestmengun skulu starfsmenn nota öndunargrímur af viðurkenndri gerð.

Í vinnu með asbest og vörur sem innihalda asbest skulu starfsmenn vera klæddir sérstökum vinnufatnaði sem tekur ekki í sig ryk.

Starfsmenn skulu skipta reglulega um vinnuföt og fara úr þeim í matarhléum og strax að lokinni vinnu.

Hver starfsmaður skal hafa aðgang að tveimur fataskápum þar sem annar er fyrir gönguföt og hinn fyrir vinnuföt.

Starfsmenn sem vinna við asbest skulu hafa aðgang að steypibaði að lokinni vinnu.

9. gr.

Óheimilt er að unglingar yngri en 16 ára vinni við asbest og vörur með asbesti.

10. gr.

Vinnustaður þar sem notað er asbest eða vörur sem innihalda asbest skal þrífinn svo oft sem þörf krefur. Við þríf skulu notaðar ryksugur af viðurkenndri gerð eða aðrar aðferðir sem takmarka rykmengun. Asbestmengað vinnuföt skal ekki geyma eða þvo með öðrum fatnaði.

Mælingar.

11. gr.

Þegar Vinnueftirlit ríkisins krefst þess skal atvinnurekandi láta fara fram mælingar á asbestryki í andrúmslofti starfsmanna í samráði við stofnunina.

Læknisskoðun.

12. gr.

Starfsmenn sem vinna við notkun eða meðferð asbests skulu gangast undir læknisskoðun samkvæmt nánari ákvörðun Vinnueftirlits ríkisins sbr. 67. gr. laga nr. 46/1980.

Gildistaka.

13. gr.

Reglur þessar eru settar skv. 33., 38., 40., 50., 51., 67. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og öðlast gildi 1. september 1983.

Ákvæði til bráðabirgða.

Til 1. janúar 1984 er heimilt að nota asbest og asbestvörur sem fluttar eru til landsins fyrir 1. september 1983.

Félagsmálaráðuneytið, 7. febrúar 1983.

F.h.r.

Hallgrímur Dalberg.

Jón Sigurpálsson.